

Stjórnarfundur Félags Háskólakennara á Akureyri

Föstudaginn 20. apríl 2007 kl 12-13

Mætt: Þórir Sigurðsson, Björk Sigurgeirsdóttir, Hafdís Skúladóttir, Kjartan Ólafsson, Finnur Friðriksson og Páll Björnsson

1. Ávöxtun eigna

Íslenskum verðbréfum hefur verið fengið umboð til umsýslu eigna félagsins ca 10 milljónir. Áfram verður lagt inn á reikning í Landsbankanum

2. Trúnaðarmenn

Eftir aðalfund verða sendar inn tilkynningar til yfirstjórnar um trúnaðarmenn.

3. Stigamatsnefnd

Lagt er til að Páll Björnsson, Finnur Friðriksson og Þórir Sigurðsson skipti með sér verkum. Samþykkt.

4. Árshátíð

Endanleg upphæð sem FHA styrkti árshátíð starfsmanna var upp á 220.000,-kr

5. Félagsfundir

Áætlað er að næsti félagsfundur verði miðvikudaginn 23. maí n.k. Þá verður reynt að fá fulltrúa í háskólaráði til að segja frá fundum á líðandi skólaári.

6. Málefni prófessora

Samkvæmt ályktun frá fundi FPÍ munu prófessorar við H.A. að öllum líkindum ganga í félag prófessora.

7. Skjalavistunarkerfi GoPro

Fyrir fundinum lá tölvupóstur frá rektor dagsett 6/3 og kennurum F-deildar frá 13/4. Stjórn FHA tekur undir bréf frá kennurum Félagsvísinda-og lagadeildar þar sem lýst er yfir áhyggjum af því að allur póstur til starfsmanna verði opnaður af skjalastjóra.

8. Samstarfsnefnd

Samstarfsnefnd hefur fundað mánaðarlega. Niðurstaða mun liggja fyrir þriðjudaginn 24/4. Verður hún send til allra. Netkosning verður í maí.

9. Námskeið um samningatækni hjá BHM 27/4.

Fulltrúum frá samninganefnd, samstarfsnefnd og trúnaðarmönnum verður boðið að fara á námskeiðið.

Fundi slitið kl 13:05

Hafdís Skúladóttir ritaði fundargerð